

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs, Edda María Hagalín, fjármálastjóri, Axel R. Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs
Dags. 11. mars 2022
Mnr. 2022030070



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað vegna beiðnar um niðurrif skúra við Fjarðarstræti 20

Með erindi Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða, dags. 8. mars 2022, er þess farið á leit að Ísafjarðarbær afhendi lóðina við Fjarðarstræti 20, Ísafirði, án þeirra skúra sem nú standa á lóðinni.

Óstofnað hses. Háskólasetursins hefur fengið umrædda lóð úthlutaða til byggingar nemendagarða fyrir háskólanemendur. Þá hefur félagið óskað eftir 12% stofnframlagi til byggingarinnar í samræmi við lög nr. 52/2016, um almennar íbúðir, og að framlagið yrði í formi niðurfellingar gatnagerðar- og byggingarleyfisgjalda, svo og fjármuna.

Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2022 var áætlað að rífa umrædda skúrabyggingu, en gert var ráð fyrir gatnagerðargjöldum á móti niðurrifskostnaði. Áætlun gerði því ráð fyrir 0 kr. kostnaðarfærslu.

Áætlaður kostnaður við niðurrif er um kr. 30.000.000, bæði vegna niðurrifs og förgunar efnis.

Rekstrarkostnaður skúrabyggingarinnar, sem er í eigu Ísafjarðarbæjar, var á árinu 2021, um kr. 900.000, vegna orkukaupa, viðhalds, trygginga, sorphreinsunar, fasteignagjalda og afskrifta. Gera má ráð fyrir sambærilegum rekstrarkostnaði á árinu 2022.

Leigutekjur á árinu 2021 voru kr. 500.000, en á árinu 2022 var ekki gert ráð fyrir neinum leigutekjum þar sem búið var að segja leigusamningum upp, enda áætlað að rífa skúrana.

Fasteignagjöld nýrrar byggingar eru áætluð um 8 m.kr. á ári, þegar hún fullgerð m.v. 1608 fm byggingarmagn skv. umsókn nemendagarða Háskólasetursins.

Miðað við þessa útreikninga ætti kostnaður við niðurrif skúranna að greiðast niður á um 4 árum. Þá skal jafnframt horft til þess að Háskólasetur Vestfjarða er eini aðilinn sem hefur óskað eftir að byggja á umræddri lóð, svo og þess að skúrarnir eru í mjög bágu ásigkomulagi og hafa verið slyshætta í síðustu vetrarveðrum. Nauðsynlegt þykir því að rífa þá.